

Fyrirspurn um eftirfylgni við reglur Hveragerðisbæjar um framlög til stjórnmálasamtaka

Í reglum Hveragerðisbæjar um framlög til stjórnmálasamtaka er bjóðað fram til sveitarstjórnarkosninga eiga stjórnmálasamtök sem hljóta styrki að birta annars vegar ársreikning á opinberum vettvangi og hins vegar upplýsingar um kostnað við framboð á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram. Þessi ákvæði reglnanna tóku gildi 1. janúar 2018 með breytingu á reglunum. Í greinargerð sem fylgdi með breytingartillögunni á sínum tíma kom fram að „[m]eð birtingu upplýsinga á opinberum vettvangi er átt við að upplýsingar séu t.d. birtar í héraðsfréttablöðum eða á vef stjórnmálasamtaka“. Eftir því sem næst verður komist hafa aðeins tvö stjórnmálasamtök sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn Hveragerðis uppfyllt þessi skilyrði reglnanna, þ.e. Okkar Hveragerði og Frjáls með Framsókn en Sjálfstæðisfélag Hveragerðis hefur hvorki birt ársreikning á opinberum vettvangi né upplýsingar um kostnað við framboð árið 2018. Spurt er hvort og hvernig bæjarstjóri hyggst fylgja því eftir að stjórnmálasamtök skili þeim upplýsingum sem eru forsenda styrkveitinga frá sveitarfélaginu.

Njörður Sigurðsson
Þórunn Pétursdóttir